



Ytra mat grunnskóla

Kársnesskóli

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kópavogsbæ.

Höfundar: Oddný Eyjólfsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2016.
ISBN 978-9979-0-2045-5

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Stjórnun	5
Nám og kennsla	5
Innra mat	6
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Kársnesskóli	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	8
Starfsmenn	9
Nemendur	9
Árangur náms	9
Samræmd könnunarpróf	9
Starfstími	12
Sérfræðipjónusta	12
Niðurstöður	13
Svið I – Stjórnun	13
Fagleg forysta	13
Stefnumótun og skipulag	15
Samskipti heimila og skóla	18
Svið II – Nám og kennsla	20
Nám og námsaðstæður	20
Þátttaka og ábyrgð nemenda	23
Námsaðlögun	24
Svið III – Innra mat	25
Framkvæmd innra mats	25
Umbótastarf í kjölfar innra mats	26
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	28
Frekari greining	31
Greining kennslustunda	32
Heimildir	36



Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Kársnesskóla sem fór fram á vorönn 2016. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla og innra mat*.

Stjórnun

Skólastjóri Kársnesskóla veitir skólanum faglega forystu og stjórnendur leggja áherslu á að rækta góð samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Nemendur hafa greiðan aðgang að stjórnendum og eiga auðvelt að koma með mál til skólastjóra sem brenna á þeim. Vinna þarf reglur um færslur í Mentor og upplýsingagjöf um nemendur í samræmi við reglugerð nr. 897/2009 og birta opinberlega. Vinna verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum samkvæmt reglugerð nr.1009/2015 og birta opinberlega. Tryggja að starfsmenn verktaka sem vinna að jafnaði í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu. Í rýnihópi kom fram að skólinn starfi í góðri sátt við samfélagið. Í skólanum ríkir það viðhorf að skólasamfélagið sé lýðræðislegt. Leggja áherslu á að kynna breytingar á faglegu starfi vel fyrir foreldrum. Efla má upplýsingagildi heimasíðu og styrkja foreldra til að nota Mentor. Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur og skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil svo sem í lotum í 3.–8.bekk. Tryggja þarf að kennsludagar nemenda samkvæmt stundaskrá séu ekki færri en 170 og skipuleggja stundatöflur þannig að virkur vikulegur kennslutími nemenda sé í samræmi við ákvæði viðmiðunarstundaskrár. Auka verður hlutfall valgreina í 8.-10. bekk til samræmis við ákvæði 8. kafla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla. Tengja þarf þróunar- og/eða umbótaáætlun stefnu skólans og huga að samræmi milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar. Skólanámskrá og starfsáætlun þarf að vinna samkvæmt viðmiðum í aðalhluta aðalnámskrár grunnskóla 2011.

Nám og kennsla

Samskipti í Kársnesskóla eru jákvæð og einkennast af virðingu. Skólinn leitast við að vera skóli án aðgreiningar og leggur sig fram að sinna námi allra nemenda. Námsgögn og aðbúnaður styðja við nám og kennslu. Setja þarf skólanámskrá fram samkvæmt tilmælum aðalnámskrár með námsvísunum/námskrám fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu milli árganga. Mikill hluti námsvísa og áætlana kennara um nám og kennslu er greinargóður, settur fram með vísun í hæfniviðmið og byggir á aðalnámskrá. Tengja þarf áætlanir um nám og kennslu betur grunnþáttum menntunar og lykilhæfni. Nemendur ná almennt góðum árangri á samræmdum könnunarprófum en huga þarf að framförum milli 7. og 10. bekkjar. Við skólann starfar fjölbreyttur hópur fagmenntaðra starfsmanna. Kennslufræðilegar áherslur skólans, m.a. með söguaðferð og Byrjendalæsi, efla möguleika á þátttöku og virkni allra nemenda. Lögð er rækt við að viðhalda sterkri hefð fyrir almennri þátttöku í skólakórnum. Markvisst er verið að innleiða og nýta upplýsinga- og samskiptatækni. Nám nemenda er þurfa sérstakan stuðning er yfirleitt í nánnum tengslum við bekkjaraðstæður. Staða allra nemenda er metin í lestri og brugðist við eftir því sem við á. Skrá ætti og birta hvaða skimanir og kannanir eru lagðar fyrir til að meta námsstöðu nemenda, hvaða viðmið eru um árangur og til hvaða aðgerða grípa eigi til ef þarf. Gera þarf nemendum betur grein fyrir tengslum eigin námsframvindu og hæfniviðmiða og efla markmiðssetningu. Nemendur eru meðvitaðir um hvert þeir geta leitað ef þarf og tillögur þeirra eru ígrundaðar og þeim svarað opinberlega.

Gera þarf grein fyrir árangri á samræmdum könnunarprófum og öðrum árangursmælingum í innra mati. Kjósa á nemendafulltrúa í skólaráð til tveggja ára. Bæta þarf aðgengismál þannig að skólinn geti ef þarf, sinnt öllum nemendum.

Innra mat

Í starfsáætlun kemur fram að Skólapúlsinn sem metur viðhorf hagsmunaaðila skólasamfélagsins til skólastarfsins er meginverkfæri Kársnesskóla við mat á innra starfi ásamt því að árlega er lögð fyrir eineltiskönnun. Rýnt er í niðurstöður samræmdra könnunarprófa og þær kynntar kennurum viðkomandi árganga og skólaráði. Stefnt er að því að 20% nemenda í hverjum árgangi séu meðal þeirra efstu á landsvísu. Niðurstöður úr könnunum eru kynntar á fundi með starfsmönnum og í skólaráði og kennurum er falið að kynna niðurstöður fyrir nemendum. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.

Vinna þarf langtímaáætlun um innra mat. Einnig þarf að taka upp mat á kennslu með skipulögðum hætti sem og að fylgja eftir breytingum á kennsluháttum með mati. Gera verður opinberlega grein fyrir hvernig árangur nemenda er metinn. Setja skýrt fram hvernig markmið í skólanámskrá eru metin og gera grein fyrir að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Birta opinberlega í innra mati hvernig skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s samræmdum könnunarprófum. Allir hagsmunaaðilar ættu að koma að vinnu við að ákveða forgangsröðun og áherslur í innra mati og vinnu við áætlanir og umbætur í kjölfar kannana. Fylgja þarf umbótum kerfisbundið eftir og tilgreina í umbótaáætlun hvenær skal meta hvernig til tókst með aðgerðir.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Kársnesskóla. Matið var framkvæmt af Oddnýju Eyjólfsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór það fram á vettvangi á tímabilinu 18.–29. febrúar 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Kársnesskóla voru þrjú þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var *skólabragur*. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007–2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013. Skólar hafa svigrúm til 2016 til þess að innleiða einn kaflahluta, það er kafla 9.4. Þar sem getið er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull undanfarinna ára. Fundur var 6. janúar 2016 með skólastjóra. Þar voru forsendur matsins kynntar, sem og framkvæmdin. Kynningarfundur var í skólanum fyrir allt starfsfólk 3. febrúar. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, nemendum í tveimur hópum þ.e. annars vegar nemendum í 2.–6. bekk og hins vegar 7.–10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra.

Vettvangsathugunin stóð yfir í fimm daga (auk kynningarfunda), í lok febrúar. Farið var í 45 kennslustundir hjá 36 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, textíl, smíði, myndmennt, heimilisfræði, íþróttum, dönsku, ensku, lífsleikni, Upplýsinga- og tæknimennt og leiklist/tónlist, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu margir kennarar sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og í vettvangsheimsókn en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Kársnesskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Kársnesskóli í núverandi mynd hóf starfsemi eftir sameiningu Kársnesskóla og Þinghólsskóla árið 2001. Starfsemi fer fram á þremur stöðum, við Vallargerði er 5.–10. bekkur, við Skólagerði er 1.–4. bekkur og við Holtagerði er íþróttahús og Dægradvöl.

Stefna skólans

Stefna skólans eins og hún er sett fram í starfsáætlun með hlutverki, gildi auk framtíðarsýnar skólans.

Hlutverk skólans er: Að útskrifa ánægða og vel menntaða nemendur með sterka sjálfsmynd sem eru tilbúnir til að takast á við lífið.

Gildi Kársnesskóla eru: *Virðing, þekking, ábyrgð, ánægja.*

Framtíðarsýn Kársnesskóla:

1. Á næstu árum mun Kársnesskóli verða þekktur fyrir faglegt skólastarf og færnimiðað nám þar sem unnið er með styrk hvers og eins.
2. Kársnesskóli mun í nánú samstarfi við foreldra útskrifa nemendur með jákvæða sjálfsmynd og sjálfstæða í vinnubrögðum. Skólinn mun leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl og virðingu fyrir umhverfinu.
3. Kársnesskóli verður eftirsóttur vinnustaður með góðum aðbúnaði. Áhersla verður lögð á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk myndar öfluga liðsheild og er tilbúið til að tileinka sér nýjungar.
4. Kársnesskóli mun leggja áherslu á hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og ábyrgja stjórnun fjármuna.

Starfsmenn

Starfsmenn eru um 80, stjórnendur þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem einnig er deildarstjóri mið- og elsta stigs og deildarstjóri yngsta stigs. Kennarar eru 53, þar af eru fjórir í minna en 100% stöðu, sérkennarar fjórir, stuðningsfulltrúar tíu, skólaliðar 12. Aðrir sérfræðingar eru hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, þroskaþjálfari, námsráðgjafi og bókasafnsfræðingur. Tveir matráðar og tveir ritarar starfa einnig við skólann. Af rúmlega 80 starfsmönnum eru sjö karlmenn. Allir kennarar eru með kennaramenntun. Starfsmannavelta er lítil og fjarvera starfsmanna að meðaltali um 2,5 dagar á þessu skólaári.

Nemendur

Í skólanum eru 543 nemendur í 25 bekkjardeildum á vorönn 2016.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	65	60	58	52	51	50	64	43	62	38
Bekkjardeildir	3	3	3	2	2	2	3	2	3	2

Nemendur sem fá skilgreinda sérkennslu eru 134 eða um 25% nemenda, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa. 27 nemendur eru með annað móðurmál en íslensku, þ.e. annað foreldri eða bæði eru af erlendu bergi brotin. Ellefu nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eða um 40% nemenda skólans af erlendu bergi. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum stunda 29 nemendur nám á framhaldsskólastigi sem gerir um 76% nemenda í 10. bekk.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikkið tíu.


Samantekt á niðurstöðum 2010-2014

Nemendafjöldi í árgangi síðustu tvö árin:

	2014	2015	
4. bekk	50	53	nemendur
7. bekk	46	61	nemendur
10. bekk	40	41	nemendur

4. bekkur

Fjórði bekkur sýnir árangur um og yfir landsmeðaltali í stærðfræði öll árin sem skoðuð eru og sama á við í íslensku utan ársins 2010. Nokkrar sveiflur eru á frammistöðu nemenda milli ára, sérstaklega á stærðfræðiþrófum.




Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár (svarta línan), 2010–2015, gefur til kynna að frammistaða skólans fari batnandi.

Þátttaka 4. bekkjar

Undanfarin tvö ár hefur þátttaka verið 94% og 90% og hafa fimm eða færri nemendur í 4. bekk ekki tekið samræmd könnunarpróf.

7. bekkur

Frammistaða nemenda í 7. bekk sveiflast verulega milli árganga en er yfirleitt yfir landsmeðaltali utan stærðfræði sem er tvisvar um eða undir landsmeðaltali.



Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár (svarta línan), 2010-2015, gefur til kynna að frammistaða skólans fari versnandi.

Pátttaka 7. bekkjar

Pátttaka nemenda í samræmdum prófum í 7. bekk síðustu tvö ár er milli 88% og 90%.


Framfarir milli 4 og 7. bekkjar

Framfarir nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 4. og 7. bekkjar árið 2015 eru álíka í íslensku og almennt gerist en mun minni en gerist á landsvísu í stærðfræði.

Fag og bekkur	Framfarir	Hlutfall á landsvísu	Hlutfall Kársnesskóla	Mat
Íslenska 7.	Minni	18%	21%	Aðeins hærra hlutfall nemenda er með minni framfarir en almennt gerist á landsvísu
Íslenska 7.	Álíka	66%	60%	Aðeins minna hlutfall nemenda er með álíka framfarir og almennt gerist á landsvísu
Íslenska 7.	Meiri	16%	19%	Aðeins hærra hlutfall nemenda sýnir meiri framfarir
Stærðfræði 7.	Minni	16%	27%	Hátt hlutfall nemenda er með minni framfarir en almennt gerist á landsvísu
Stærðfræði 7.	Álíka	69%	56%	Minna hlutfall nemenda er með álíka framfarir og almennt gerist á landsvísu
Stærðfræði 7.	Meiri	15%	17%	Aðeins hærra hlutfall nemenda sýnir meiri framfarir

10. bekkur

Frammistaða nemenda í 10. bekk dansar upp og niður en oft er hún í kringum landsmeðaltal.



Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár (svarta línan), 2010-2015, gefur til kynna að frammistaða skólans sé aðeins á uppleið.

Pátttaka 10. bekkjar

Pátttaka nemenda í samræmdum könnunarprófum 10. bekkjar í íslensku, stærðfræði og ensku undanfarin tvö ár er milli 88% og 97%.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Framfarir nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 7. og 10. bekkjar 2015 eru mun minni en almennt gerist á landsvísu. Verulega hærra hlutfall nemenda sýnir minni framfarir í stærðfræði og íslensku en almennt gerist á landsvísu og einnig er lágt hlutfall nemenda sem sýnir meiri framfarir en almennt gerist á landsvísu.

Fag og bekkur	Framfarir	Hlutfall á landsvísu	Hlutfall Kársnesskóla	Mat
Íslenska 10.	Minni	18%	51%	Miklu hærra hlutfall nemenda sýnir minni framfarir en almennt gerist á landsvísu
Íslenska 10.	Álíka	65%	39%	Miklu lægra hlutfall nemenda sýnir svipaðar framfarir og á landsvísu
Íslenska 10.	Meiri	17%	9%	Hlutfall þeirra sem sýna meiri framfarir er lægra en á landsvísu
Stærðfræði 10.	Minni	16%	40%	Miklu hærra hlutfall nemenda sýnir minni framfarir en almennt gerist á landsvísu
Stærðfræði 10.	Álíka	69%	60%	Nokkru minna hlutfall nemenda sýnir álíka framfarir og á landsvísu
Stærðfræði 10.	Meiri	15%	0%	Enginn nemandi sýnir meiri árangur en á landsvísu

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2015–2016 er árlegur skólatími nemenda 180 dagar. Kennsludagar eru 168–174 „aðrir dagar“ eru: skólasetning, skólaslit og foreldraviðtöl eru tvisvar á árinu. Þrír dagar eru prófadagar að vori. Skipulagsdagar kennara eru 13 þar af fimm fyrir og þrír eftir skólatíma nemenda.

Vikulegur fjöldi kennslustunda á stundaskrá er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á menntasviði Kópavogsbæjar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I – Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri Kársnesskóla veitir skólanum faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart bæjaryfirvöldum. Stefna skólans er birt á heimasíðu og eru gildi skólans, *virðing, þekking, ábyrgð og ánægja* í samhljómi við skólastefnu Kópavogsbæjar þar sem gildin eru ábyrgð, virðing og velferð Kársnesskóli er í tveimur byggingum, við Skólagerði og Vallargerði. Skólastjóri er með fasta viðverudaga á báðum stöðum. Við Holtagerði er íþróttahús og dægradvöl skólans. Í starfi sínu sem stjórnandi leggur skólastjóri Kársnesskóla áherslu á að rækta góð samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Nemendur hafa greiðan aðgang að stjórnendum og eiga auðvelt að koma með mál til skólastjóra sem brenna á þeim. Í rýnihópi kom fram að skólinn starfi í góðri sátt við samfélagið.

Stjórnendur leggja áherslu á stefnu skólans og starfshætti en þar ber hæst Söguaðferð, Byrjendalæsi, Skólakór Kársness og útikennslu. Skólinn hefur undanfarin fimm ár verið að innleiða Uppeldi til ábyrgðar sem uppeldis- og samskiptastefnu en hún hefur það að markmiði að efla innri hvata nemenda og vera leiðarvísir fyrir alla starfsmenn í samskiptum við nemendur. Lögð er áhersla á að tengja gildi skólans og Uppeldi til ábyrgðar.

Hjá viðmælendum kom fram að stjórnendur hrósa kennurum og starfsmönnum en veita ekki markvissa endurgjöf varðandi nám og kennslu.

Styrkleikar

- Stefna skólans er birt á heimasíðu.
- Gildi skólans eru sýnileg í skólanum.
- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.

Tækifæri til umbóta

- Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsókna stjórnenda í kennslustundir.

Stjórnun stofnunar

Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar er í Starfsáætlun 2015–2016. Starfslýsingar eru tíu ára gamlar (Skólanámskrá frá 2006) og eru ekki í samræmi við núgildandi skipurit. Fyrir liggur skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna og kennarar sinna kennslu að mestu í samræmi við menntun og sérhæfingu. Kennarar og almennir starfsmenn skólans undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu við ráðningu. Starfsmenn verktaka sem vinna í skólanum svo sem starfsmenn Skólamatar undirrita ekki skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Unnið er samkvæmt fyrirmælum Skjalasafns Kópavogsbæjar um skjalastjórnun. Upplýsingar um nemendur í sérkennslu eru í læstri hirslu hjá sérkennurum. Ekki liggja fyrir verklagsreglur um upplýsingagjöf um nemendur samkvæmt reglugerð nr. 897/2009. Hjá skólastjóra kom fram að kennarar eru hvattir til að fara varlega varðandi skráningu upplýsinga um nemendur í Mentor.

Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir en samkvæmt skólastjóra þarfnast hún endurskoðunar. Hún er ekki birt opinberlega. Ekki liggja fyrir verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltis í starfsmannahópnum. Fram kom hjá skólastjóra að unnið sé samkvæmt eineltisstefnu Kópavogsbæjar sem byggir á reglugerð nr. 1000/2004 en það kemur ekki fram á heimasíðu skólans. Vakin er athygli á nýrri reglugerð (nr.1009/2015) um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Styrkleikar

- Skipurit liggur fyrir, stjórnendur skipta með sér verkum við stjórnun og miðla upplýsingum sín í milli.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega fyrir alla starfsmenn.

Tækifæri til umbóta

- Vinna reglur um færslur í Mentor og upplýsingagjöf um nemendur í samræmi við reglugerð nr. 897/2009 og birta opinberlega.
- Vinna verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 og birta opinberlega.
- Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn opinberlega.
- Vinna starfslýsingar í samræmi við gildandi skipurit.
- Tryggja að starfsmenn verktaka sem vinna að jafnaði í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt. Aðilar ræða reglulega um áherslur. Í rýnihópum kom fram að lýðræðisleg umræða geti verið svo mikil að hún hamli ákvarðanatöku. Stundum þurfi stjórnendur að taka af skarið.

Samstarf kennara um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans. Faglegt samstarf fer að mestu fram á aldurstigum og/eða ágöngum. Fram kom að það sé ákveðinn þröskuldur varðandi samstarf að skólastarfið fer fram í þremur byggingum.

Í starfsáætlun er þess getið að samstarf sé við Menntaskólann í Kópavogi um nám á framhaldsskólastigi. Einnig að gott samstarf sé við leikskólana á Kársnesi. Á heimasíðu er gerð grein fyrir móttöku barna í fyrsta bekk.

Í rýnihópi foreldra kom fram að borið hafi á að það skorti á samráð þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta miklar breytingar á faglegu starfi. Var þar meðal annars nefnd ákvörðun um kynskiptingu bekkja og innleiðingu spjaldtölva. Kom fram það álit að svona breytingar þyrftu að vera vel kynntar og studdar faglegum rökum áður en þær eru innleiddar.

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.
- Fundaáætlun er til staðar og fundir boðaðir með dagskrá.
- Samskipti við leik- og framhaldsskóla eru regluleg og skráð.

Tækifæri til umbóta

- Leggja áherslu á að kynna breytingar á faglegu starfi vel fyrir foreldrum.

Skólaþróun

Í starfsáætlun er fjallað um niðurstöður Skólupúl síns varðandi nemendur sem og áherslur skólans í læsi. Ekki liggur fyrir formleg þróunar- og/eða umbótaáætlun. Símenntun starfsmanna tekur mið af óskum úr starfsmannasamtölum, áherslum skóla og sveitarfélags. Í rýnihópum kom fram að stjórnendur hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi. Ekki er gerð grein fyrir hvernig einstaklingar sækja sér símenntun. Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati.

Styrkleikar

- Símenntun tekur mið af óskum starfsmanna sem og áherslum skóla og sveitarfélags.
- Kennarar eru hvattir til að efla sig í starfi.

Tækifæri til umbóta

- Tengja þróunar- og/eða umbótaáætlun stefnu skólans sem og innra mati á skólastarfinu.
- Huga að samræmi milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar.
- Gera grein fyrir hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Í starfsáætlun er skipurit, skóladagatal sem og fleiri upplýsingar um skólastarfið. Starfsáætlun er uppfærð árlega og hún er lögð fyrir skólaráð til umsagnar sem og skólanefnd til staðfestingar (93. fundur, 9. nóv. 2015). Starfsáætlun skólans, skólanámskrá og námsvísar/kennsluáætlanir eru opinber gögn sem eru aðgengileg öllum hagsmunaaðilum á heimasíðu skólans. Í skólanámskrá er lýst almennt hvernig skólinn hyggst nálgast grunnþættina sex: Læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Einnig kemur fram hvernig á að vinna að lykilhæfni í öllum námskrám. Vinna við faghluta skólanámskrár stendur yfir og hefur ekki verið birt opinberlega. Á skóladagatali kemur fram að einn árgangur (10.) nær ekki 170 kennsludögum.

Í 12. kafla almenna hluta aðalnámskrár grunnskóla 2011 er fjallað um skólanámskrá og starfsáætlun. Margt af því sem birt er í starfsáætlun Kársnesskóla á samkvæmt AG (bls.66–67) að vera í skólanámskrá. Stefna og gildi Kársnesskóla eru bæði birt í starfsáætlun og skólanámskrá og endurspegla áherslur í skólastefnu Kópavogsbæjar. Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð. Fjallað er um framkvæmd skólastefnu á starfsmannafundum en ekki er metið hvort markmiðum stefnunnar hefur verið náð.

Á heimasíðu skólans eru náms- og kennsluáætlanir í flestum námsgreinum. Þessar áætlanir eru að mestu unnar í samræmi við greinasvið aðalnámskrár grunnskóla frá 2013. Þar eru meðal annars sett fram hæfniviðmið, námsþættir, tiltekið námsefni eftir köflum/blaðsíðum/dæmum/verkefnum en víða þarf að skilgreina betur leiðir og matsviðmið.

Styrkleikar

- Starfsáætlun endurspeglar áherslu í skólastefnu Kópavogsbæjar.
- Starfsáætlun er uppfærð árlega og lögð fyrir skólaráð til umsagnar.
- Stjórnendur hafa forgöngu um vinnu við skólanámskrá með þátttöku allra hagsmunaaðila.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja að kennsludagur nemenda samkvæmt stundaskrá séu ekki færri en 170.
- Vinna skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt viðmiðum í aðalhluta aðalnámskrár grunnskóla 2011.
- Ljúka vinnu við faghluta skólanámskrár.
- Birta námsvísa/kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar og alla árganga samkvæmt viðmiðum í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla 2013.
- Tryggja að mat á framkvæmd skólastefnu sé hluti af innra mati skólans.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatöflur sýna að vikulegur fjöldi kennslustunda er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska. Námsnemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veita tækifæri til að nemendur velji sér viðfangsefni, til samvinnu milli námshópa (bekkja eða árganga) og samþættingu í viðfangsefnum nemenda. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil svo sem í lotum í 3.–8. bekk þar sem list- og verkgreinar ásamt sundi eru kenndar tvisvar til þrisvar í viku í 80 mín kennslustund sex til sjö vikur í senn.

Í vettvangsathugun vakti það athygli að sá tími sem nemendur höfðu til að komast í og/eða úr kennslustundum í íþróttir og sund var á stundum afar knappur. Við yfirferð á stundatöflum kom í ljós að af 52 kennslustundum í íþróttum í sal er í tveimur kennslustundum nægur tími fyrir og eftir íþróttatímamann til að komast í og/eða úr kennslustundum. Á stundatöflum bekkja kemur fram að í 44 kennslustundum hafa nemendur 0 mín. til að komast annaðhvort í íþróttir eða úr. Í sex kennslustundum er tafla nemenda þannig að nemendur hafa 0 mín. til að komast á milli bæði fyrir og eftir íþróttir.

Í sundi hefur 2. bekkur nægan tíma bæði fyrir og eftir sundtíma til að komast á milli staða. Í 1. bekk eiga nemendur að vera mættir inni í skóla á sömu mínútu og þeir eru að ljúka við kennslustundina í sundi. Sund er hluti af lotum í 3.–8. bekk. Hver lota er 80 mín. Í samtali við skólustjóra kom fram að þegar nemendur í þessum árgöngum eru í sundi þá er sundtíminn 60 mínútur og þannig fái nemendur 20 mín. til að klæða sig og mæta í næstu kennslustund í skólanum. Þessar 20 mínútur eru hluti af 30, 35 og 37 vikulegum kennslutíma nemenda á stundaskrá. Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eiga nemendur rétt á kennslu 30, 35 og 37 stundir á viku. Tími til að fara í sturtu, klæða sig og komast á milli kennslustaða telst því ekki hluti af vikulegum kennslutíma nemenda. Þessi þetta niðurröðun á kennslustundum í stundatöflu þýðir að námstími nemenda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá er í framkvæmd skertur bæði í íþróttum í sal og sundi sem og kennslustundum/námsgreinum sem liggja að þessum greinum. Í greinasviði aðalnámskrár grunnskóla 23. kafla Skólaíþróttastendur: „Við skipulag stundatöflu þarf að ætla nemendum tíma til að koma sér til og frá kennsluáðstöðu og að hafa fataskipti án þess að það dragist frá virkum kennslutíma.“

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.–10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Í rýnihópi foreldra kom fram að æskilegt væri að það væri fleira en stærðfræði og íslenska í boði fyrir nemendur Kársnesskóla í MK. Í starfsáætlun kemur fram að 8. bekkur sé með 2 stundir í vali eða tæplega 2% af kennslustundum,

9. bekkur sé með 4 stundir í vali eða rúmlega 9% af kennslustundum og í 10. bekk sé val í 6 kennslustundir eða rúmlega 6% af heildarkennslustundum. Þetta gerir samtals 12 kennslustundir í vali í 8.–10. bekk eða liðlega 9% af heildarstundafjölda. Í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um val og valgreinar í 8. kafla. Þar stendur: „Í 8., 9. og 10. bekk skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun.“

Nemendur eiga þess kost að stunda listnám, íþróttir og aðra tómsundaiðju sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Þátttaka í atvinnulífi, félagslífi, íþróttastarfi eða skipulegt nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Valgreinar á efsta stigi eru fjölbreyttar.
- Stundatöflur eru samfelldar og frímínútur taka mið af aldri og þroska nemenda.
- Námsgreinar eru samþættar og nemendahópar eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.

Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja stundatöflur þannig að virkur vikulegur kennslutími nemenda sé í samræmi við ákvæði viðmiðunarstundaskrár.
- Auka hlutfall valgreina í 8.–10. bekk til samræmis við ákvæði 8. kafla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Fyrir fimm árum var hafin innleiðing á „Uppeldi til ábyrgðar“ í Kársnesskóla. Í starfsáætlun kemur fram að þessi uppeldisstefna sé ekki eingöngu leiðarvísir að gefandi samskiptum barna heldur starfsmanna líka og setji sinn brag á allt skólastarf. Hjá stjórnendum kom fram að innleiðing var tekin föstum tókum með námskeiðum en einnig kom fram að það sé erfitt að viðhalda svona stefnu. Í tengslum við innleiðinguna var unnið með gildi skólans og þolmörk. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð. Nemendur og foreldrar tóku þátt í vinnu við skólareglurnar þegar þær voru settar fyrir nokkrum árum. Í rýnihópum kom fram að allir bekkir setja sér bekkjarreglur/bekkjarsáttmála og eru þeir sýnilegir í kennslustofum ásamt veggspjaldi Uppeldis til ábyrgðar.

Einn af sérkennurum skólans samræmir og skipuleggur þjónustu og stuðning við nemendur. Hvorki liggur fyrir sérstök áætlun um sérkennslu/stuðning né áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Hjá skólastjóra kom fram að verið er að vinna Læsisstefnu þar sem þessum þáttum verða gerð skil.

Á heimasíðu skólans er forvarnarstefna Kársnesskóla sem tekur til ávana og fíkniefna, slysa og slysavarna, ofbeldis, þar með talið kynferðislegt ofbeldi, netnotkun og tölvufíkn, umferðarfræðslu og heilbrigðs lífsstíls. Í þessari stefnu er ítarleg útfærsla á meginmarkmiðum og aðgerðum bæði fyrir skólann í heild og einnig eftir stigum. Sérstök áætlun um einelti er á heimasíðunni. Þar er meðal annars gerð grein fyrir einkennum eineltis, fyrirbyggjandi starfi með nemendum til að vinna gegn einelti og því ferli sem er til staðar þegar grunur vaknar um einelti. Þessar áætlanir þarf einnig að birta í skólanámskrá. Á hverju ári er framkvæmd sérstök könnun meðal nemenda varðandi einelti sem lið í fyrirbyggjandi starfi gegn því. Einnig er spurt um einelti í nemendahluta Skólapúlsins í 6.-10. bekk. Í rýnihópi foreldra kom fram að menn þekktu ekki til viðbragða skólans gegn einelti en könnuðust við að það væru sérstakir eineltisdagar. Á heimasíðu skólans er frétt um niðurstöður eineltiskönnunar haustið 2015.

Fyrir liggja móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og fyrir nemendur með sérstakar þarfir.

Styrkleikar

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim.
- Skólareglur og bekkjarreglur eru sýnilegar.
- Forvarnaráætlanir og áætlanir um móttöku nemenda liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Birta viðeigandi áætlanir í skólanámskrá.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Formaður foreldrafélags er einn af fulltrúum foreldra í skólaráði og hefur tengingu við þá. Í viðtali við skólastjóra kom fram að nemendur sem eru fulltrúar bekkja bjóða sig fram til setu í skólaráði. Nemendur eru valdir í skólaráð árlega. Hjá skólastjóra kom fram að forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar Ekkó hefur verið falið að vinna með upplýsingar úr skólaráði með nemendum. Fundir skólaráðs eru haldnir annan hvern mánuð og eru boðaðir með dagskrá. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans. Haldnir hafa verið þrjár fundir á þessu skólaári. Nýjasta fundargerð skólaráðs á heimasíðunni er frá 15. apríl 2015.

Tengsl skólastjóra við foreldra er aðallega í gegnum fulltrúa foreldrafélags í skólaráði. Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum námshópi sem vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara. Stjórnin heldur fundi mánaðarlega og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans. Hjá skólastjóra kom fram að fundir stjórnar eru ýmist haldnir í heimahúsi eða í skólanum.

Styrkleikar

- Skólaráð heldur reglulega fundi og fjallar um helstu ákvarðanir er varða stefnu og skólalald.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa fulltrúa nemenda til tveggja ára í senn í skólaráð.
- Efla bein tengsl stjórnenda við foreldrafélag.
- Birta fundargerðir skólaráðs jafnharðan á heimasíðu.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Í byrjun september er foreldrum 1. bekkinga boðið á skólafærinámsskeiðið „Vinnum saman“ sem lýkur á því að umsjónarkennarar kynna starf vetrarins. Einnig er foreldrum annarra nemenda boðið á fundi í september ár hvert þar sem nám og skólastarf vetrarins er kynnt. Reglulegur þáttur í starfi yngsta stigs og miðstigs er kynning á námsvinnu nemenda í einstökum bekkjardeildum í tengslum við söguáðferðina.

Foreldrum nemenda í 9. bekk er boðin þátttaka í ferð að Laugum en annars er ekki sérstaklega óskað eftir þátttöku foreldra í vettvangsferðum eða heimsóknnum. Í vetur verður opin vika í skólanum þar sem öllum foreldrum er boðið að koma í skólann og fylgjast með starfinu.

Foreldrar telja sig vera vel upplýsta um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir eru ánægðir með upplýsingar sem þeir fá frá kennurum með tölvupósti. Það sem helst er að er að þegar nemendur verða eldri fjölgar kennurum og þá vilja tölvupóstar verða óskipulagðir. Fram kom að heimasíðan er notuð til að afla hagnýtra upplýsinga svo sem um skólanámskrá og símanúmer. Fram kom að mörgum foreldrum finnst erfitt að nota Mentor. Umhverfið er þeim framandi og það þarf að bjóða foreldrum upp á kynningu/kennslu. Oft kunnu nemendur betur á Mentor en foreldrar.

Styrkleikar

- Kynning á námi er hluti af samstarfi heimila og skóla.
- Foreldrum er boðið á sýningar hjá bekk barna sinna.
- Upplýsingar til foreldra um námið og skólastarfið eru reglubundnar.

Tækifæri til umbóta

- Efla upplýsingagildi heimasíðu.
- Styrkja foreldra til að nota Mentor.
- Bjóða foreldrum að koma með í vettvangsferðir.

Svið II – Nám og kennsla

Gildi Kársnesskóla eru *virðing, þekking, ábyrgð og ánægja*. Skólinn hefur að markmiði að útskrifa ánægða og vel menntaða nemendur með sterka sjálfsmynd sem eru tilbúnir að takast á við lífið. Skólinn styðst við „Uppeldi til ábyrgðar“ sem uppeldis- og samskiptastefnu í öllu starfi sínu.

Gildi í skólustefnu Kópavogsbæjar er *ábyrgð, virðing og velgengni*. Stefna Kársnesskóla er í samræmi við stefnu og framtíðarsýn skólustefnu sveitarfélagsins.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólustarf og gildi er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Skólinn er skóli fyrir alla nemendur sem þangað sækja nám. Verið er að endurskoða skólanámskrá en hún er ekki fullbúin á heimasíðu, þar er starfsáætlun sem tekur til margra þátta sem eiga að vera í skólanámskrá. Námsvísar og áætlanir kennara um nám og kennslu eru yfirleitt greinagóðar og byggja á aðalnámskrá en fram kom í rýni- hópum að hvorki nemendur né foreldrar þekka vel til þeirra eða nýta sér þær upplýsingar.

Grunnþáttum menntunar og lykilhæfni eru gerð skil á heimasíðu og gerð lausleg grein fyrir hvernig unnið er með þá þætti almennt. Grunnþættir menntunar koma víða fram í starfi skólans en þeirra er almennt ekki getið sérstaklega í kennsluáætlunum árganga eða námsgreina. Fylgst er með árangri nemenda á margvíslegan hátt svo sem með Logos lestrargreiningu og úrvinnslu samræmdra prófa. Ekki er gerð opinberlega grein fyrir árangri skólans svo sem á samræmdum könnunarprófum í innra mati.

Árangur nemenda skólans á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk er almennt yfir landsmeðaltali sl. sex ár og fer batnandi. Miklar sveiflur eru í árangri 7. bekkjar nemenda en frammistaða er yfirleitt yfir landsmeðaltali en samantekt síðustu sex ára sýnir að frammistaða 7. bekkjar dalar en er þó yfir landsmeðaltali. Athygli vekur þegar framfarir í stærðfræði milli 4. og 7. bekkjar árið 2015 eru kannaðar að hátt hlutfall nemenda er með minni framfarir en gerist á landsvísu. Árangur í 10. bekk sveiflast í árgangasveiflum kringum landsmeðaltal en er aðeins á uppleið þegar sl. sex ár eru skoðuð saman. Framfaratölur nemenda árið 2015 milli 7. og 10. bekkjar eru miklu minni en gerist á landsvísu bæði í íslensku og stærðfræði.

Styrkleikar

- Skólinn leitast við að vera skóli án aðgreiningar og sinnir námi allra nemenda.
- Nemendur ná almennt góðum árangri á samræmdum könnunarprófum.
- Unnið er með niðurstöður kannana og samræmdra könnunarprófa.

Tækifæri til umbóta

- Setja skólanámskrá fram samkvæmt tilmælum aðalnámskrár.
- Tengja áætlanir um nám og kennslu betur grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.
- Gera grein fyrir árangri s.s. á samræmdum könnunarprófum í innra mati.

Skipulag náms og námsumhverfi

Faghlutar skólanámskrár eru í vinnslu og ekki opinberir á heimasíðu. Kennsluáætlanir fyrir flestar námsgreinar og árganga eru á heimasíðu. Þessar námsáætlanir byggja að mestu á gildandi aðalnámskrá 2013. Samfella er í námskröfum og stigvaxandi kröfur milli árganga. Almennar upplýsingar um námsmat eru settar fram í starfsáætlun og á heimasíðu. Vísað er í kennsluáætlanir kennara með viðmið um mat en þar er yfirleitt nefnt hvernig metið er s.s. með prófum og innbyrðis vægi þeirra en ekki gerð grein fyrir matskvörðum sem liggja til grundvallar matinu. Í starfslýsingu er fjallað um samstarf milli

skólastiga, þar sem fram kemur að elstu nemendur leikskóla koma í skólaheimsókn tvisvar á ári og nemendur grunnskólans geta tekið framhaldsskólaeiningar við Menntaskólann í Kópavogi.

Skólastofur eru almennt vel búnar til náms og á yngsta- og miðstigi eru verkefni nemenda tengd námi vel sýnileg á veggjum. Fjölbreyttar valgreinar eru á unglingsstigi en nemendur eru með innan við 10% námstíma í vali sem nær ekki lögbundnum valtíma, það er að nemendur hafi val í 20% af námstíma. Upplýsingamennt og list- og verkgreinar eru kenndar í 6–7 vikna lotum. Fram kemur í starfsáætlun að unnið sé markvisst með útikennslu og umhverfi skólans.

Heimanámsstefna skólans er opinber og unnin af aðilum skólasamfélagsins. Heimanám er aðallega heimalestur hjá yngsta stigi, á miðstigi er ekki mikið heimanám ef nemendur ljúka verkefnum í skóla. Að mati nemenda, foreldra og kennara er ekki mikið heimanám á unglingsstigi.

Styrkleikar

- Greinargóðar kennsluáætlanir eru settar fram í flestum námsgreinum.
- Námsgögn og aðbúnaður styðja við nám og kennslu.
- Heimanámsstefna er opinber, markviss og mótuð af aðilum skólasamfélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Setja verður fram faghluta skólanámskrár með námsvísun/námskrám fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu milli árganga.
- Tryggja þarf að hlutfall valtíma á unglingsstigi nái lögbundnum tímafjölda.
- Gera betur grein fyrir matsviðmiðum og matskvarða sem liggja til grundvallar námsmati.
- Fjalla nánar um fyrirkomulag og eðli samvinnu milli leik- og grunnskóla.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Skipulag kennslu er bekkjarkerfi þar sem hver bekkur er með umsjónarkennara. Kennarar undirbúa kennslu og kenna mikið í teyrum. Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og kennslustundir eru skipulagðar með námsmarkmið og þarfir nemenda í huga. Flestar kennslustundir voru metnar góðar en í 10% hluta metinna stunda var kennslutíminn ekki vel nýttur, það er tíminn hófst seint eða honum lauk snemma. Í 73% af kennslustundum sem matsmenn heimsóttu voru nemendur einir að vinna án samstarfs eða samræðna um námið við aðra nemendur. Þetta er aðeins meira en meðaltal annarra metinna grunnskóla. Þegar litið er til hvort nemendur eru virkir og ábyrgir í eigin námi og áhersla er á námsferlið sem leið til náms en ekki einvörðungu námsefnið, meta matsmenn svo að þannig námsumhverfis gæti í 42% metinna kennslustunda og er það meira en meðaltal annarra.

Í lestrarkennslu hjá 4.–8. bekk er heilum árgöngum skipt í námshópa eftir stöðu. Nemendur yngsta- og miðstigs vinna mikið með námsaðferð sem nefnist söguaðferð, þar eru nemendur virkir við mótun og framgang námsins. Rýnihópar foreldra og kennara telja hana skapa góðan grunn að námi og tengsl milli heimila og skóla. Söguaðferðin skapar vissan valgrunn hjá nemendum og hvetjandi námsumhverfi og gefur möguleika á fjölbreyttum kennsluaðferðum. Kórastarf er virkur hluti af námi nemenda og taka allir nemendur 3.–7. bekkjar þátt í kórsöng sem hluta af tónmenntanámi.

Verkefni eru samþætt, á yngsta stigi með söguaðferð og Byrjendalæsi, á miðstigi með söguaðferð. Nám með söguaðferð er vel skipulagt og aðferðin hluti af sérstöðu skólans og vel metin í starfi hans.

Á unglingsstigi er skipt á hópa innan árganga og einnig er kynjaskipt í ákveðnum námsgreinum. Hjá rýnihópi nemenda og foreldra kom fram sterk gagnrýni á kynjaskiptinguna sem er sögð skapa verri námsaðstæður en við kynjablöndun. Nemendur nefndu að þá væri meira talað og minni vinnufriður í tímum. Fram komu vangaveltur í rýnihópi kennara að auka mætti samþættingu í námi og kennslu á unglingsstigi og læra mætti af kennurum yngri stiga.

Styrkleikar

- Kennsla með söguaðferð.
- Nám nemenda er samþætt í ákveðnum námsgreinum.
- Sterk hefð er fyrir almennri þátttöku í skólakór.
- Þátttaka nemenda í framvindu og framsetningu náms er meiri en gengur og gerist.
- Fylgst er með stöðu hvers nemanda í lestri og kennsla aðlöguð.

Tækifæri til umbóta

- Greina árangur og aðstæður við að kynjaskipta nemendum í námshópa.
- Efla ætti samræður og samstarf nemenda um nám.
- Huga að frekari samþættingu í námi og kennslu á unglingsstigi.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru almennt áhugsamir um nám sitt, yngri nemendur hafa möguleika á að vinna eftir hæfileikum sínum í verkefnum tengdum söguaðferð og Byrjendalæsi. Verið er að innleiða spjaldtölvur við nám og kennslu hjá elstu nemendum þar sem bæði kennarar og nemendur eru virkir við að kynnast og nýta möguleika tækninnar við að afla þekkingar og miðla með verkefnum. Nemendur í rýnihópi eldri nemenda nefna íþróttir og lotur í list- og verkgreinum sem skemmtilegar námsgreinar og nefna að þeir hafi val um námsaðstæður að vissu marki svo sem að hlusta á tónlist. Nefnt var einnig að þeim þyki gott að vera í hópvinnu. Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna einir, hver í sínu verkefni. Kennarar nefna að sjálfsmat og jafningjamat á ákveðnum þáttum komi fyrir.

Í nemendakönnun Skólapúlsins eru nemendur um landsmeðaltal þáttökuskóla í virkni í skólanum, það er trú á eigin getu og ánægju af námi. Líðan og ánægja nemenda er einnig nálægt meðaltali flestra þátta en tíðni eineltis mælist ívið lægri í Kársnesskóla en að meðaltali í öðrum þáttökuskólum. Nemendur Kársnesskóla hreyfa sig aðeins meira en að meðaltali að því er fram kemur í svörum þeirra. Almenn segja nemendur að skóla- og bekkjarandi sé eins og gengur og gerist hjá meðaltali þáttökuskóla. Þó kemur fram að mati nemenda að agi í tímum er marktækt minni en að meðaltali. Nemendur hafa hins vegar marktækt meiri trú á mikilvægi heimavinnu en gerist á landsvísu.

Styrkleikar

- Markvisst er verið að innleiða og nýta upplýsinga- og samskiptatækni.
- Nemendur geta að einhverju marki valið sér námsaðferðir.

Tækifæri til umbóta

- Greina hvað býr að baki svörum nemenda um skort á aga í tímum.

Pátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Samskiptin í skólanum eru almennt jákvæð og einkennast af virðingu. Hjá nemendum kom þó fram að þeim finnst skorta á þolinmæði nokkurra starfsmanna. Skólinn starfar eftir Uppeldi til ábyrgðar og leitað er eftir sjónarmiðum um nám og kennslu meðal annars á bekkjarfundum og með tillögukassa þar sem nemendur geta komið með tillögur sem farið er yfir af stjórnendum og gefin svör sem birt eru opinberlega. Leiðir eru til að kenna nemendum að leysa ágreining þar sem meðal annars er notað svokallað sáttaborð. Nemendur telja sig hafa greiðan aðgang að stjórnendum og vita hvernig þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þeir nefna meðal annars að hægt sé að fara til námsráðgjafa með málefni sem ekki tengjast náminu eða faginu. Að sögn stjórnenda er erfitt að fá nemendafulltrúa til starfa með skólaráði vegna fundartíma sem getur skarast við tómsunda- íþróttá- eða listnám eftir skóla. Nemendafulltrúar hafa því ekki setið tvö ár eins og lög gera ráð fyrir. Ekki er markvisst séð til þess að upplýsingar og ákvarðanir nefnda sem nemendur sitja í séu öllum nemendum aðgengilegar.

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur eru meðvitaðir um hvert þeir geta leitað ef þarf.
- Tillögur nemenda eru ígrundaðar og þeim svarað opinberlega.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa á nemendafulltrúa í skólaráð til tveggja ára.
- Skipuleggja fundartíma skólaráðs þannig að nemendafulltrúar geti mætt.
- Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir ráða og nefnda þar sem fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Ábyrgð og pátttaka

Nemendur eru almennt meðvitaðir um markmið náms. Í kennsluáætlunum eru listuð hæfniviðið sem nemendur stefna að. Nemendur fá yfirleitt námsáætlun vikulega sem þeir nota til að fylgjast með eigin afköstum. Í tengslum við frammistöðumat setja nemendur sér markmið en taka ekki þátt í að setja sér sjálfir markmið tengd hæfniviðmiðum. Í vettvangsathugunum kom ekki mikið fram um að nám og markmið um hæfni væru kynnt nemendum og tengd við verkefni eða viðmið um árangur.

Styrkleikar

- Kennsluáætlanir eru settar fram með vísun í hæfniviðmið.
- Nemendur taka þátt í frammistöðumati.
- Nemendur fá áætlanir til að vinna eftir.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum betur grein fyrir tengslum eigin námsframvindu og hæfniviðmiða.
- Birta viðmið um árangur í öllum námsgreinum.
- Efla markmiðssetningu og stigvaxandi ábyrgð nemenda.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í skólanum ríkir það viðhorf að skólinn sé skóli án aðgreiningar. Allir nemendur taka virkan þátt í skólalastarfinu og borin er virðing fyrir fjölbreytileika. Aðgengismál fatlaðra eru ekki í lagi. Nemendur í námshópum eru almennt með sama námsefni á sama tíma en námsaðlögunar gætir vegna náms nemenda sem þurfa sérefni eða frekari aðstoð. Námsaðstæður tengdar söguaðferð og Byrjendalæsi gef svigrúm að mæta fjölbreyttum þörfum og áhuga nemendahópsins. Kennarar nefna að til að koma til móts við þarfir bráðgerra nemenda sé þeim leyft að fara áfram í námsefni, „ekki stoppaðir af“ og á unglíngastigi geti nemendur tekið námsáfangu í framhaldsskóla, samkvæmt upplýsingum skóla taka um 70% nemenda í 10. bekk áfangu í framhaldsskóla.

Styrkleikar

- Skólinn leitast við að vera skóli án aðgreiningar.
- Nám nemenda er yfirleitt í nánum tengslum við bekkjaraðstæður.
- Kennslufræðilegar áherslur skólans efla möguleika á þátttöku allra nemenda.

Tækifæri

- Bæta þarf aðgengismál svo fatlaðir geti komist um skólabyggingar.

Stuðningur við nám

Kennsla og sérkennsla eru í samræmi við metna stöðu nemenda í námi eða sérstaka greiningu. Almennt eru nemendur í námsaðstæðum bekkjarins. Fjölbreytt fag- og sérmenntun er til staðar í starfsmannahópnum. Nám og kennsla hluta þeirra nemenda sem fær stuðning í námi er skipulagt með einstaklingsnámskrá. Staða nemenda er metin markvisst í tengslum við lestrarskipulag kennt við LOGOS-greiningartækið og nám nemenda lagað að niðurstöðum. Ekki er skráð og birt opinberlega hvernig eða hvaða próf og skimanir eru lagðar fyrir að öðru leyti til að fylgjast með stöðu nemenda. Ekki kemur fram opinberlega hvernig bregðast eigi við niðurstöðum mats og skimana. Verið er að vinna að lestrarstefnu skólans þar sem fram mun koma til hvaða aðgerða á að grípa vegna lestrarstöðu.

Styrkleikar

- Við skólann starfar fjölbreyttur hópur fagmenntaðra starfsmanna.
- Staða allra nemenda í lestri er metin og brugðist við henni.
- Heildstæð lestrarstefna er í vinnslu.

Tækifæri til umbóta

- Skrá og birta hvaða skimanir og mat eru lögð fyrir, til að meta námsstöðu nemenda.
- Skrá og gera opinbert hvaða viðmið eru um árangur og til hvaða aðgerða grípa eigi til við niðurstöðum skimana og mats.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í starfsáætlun kemur fram að Skólapúlsinn er meginverkfæri skólans við mat á innra starfi. Í Skólapúlsi er spurt um viðhorf hagsmunaaðila skólasamfélagsins það er starfsfólks, nemenda og foreldra til skólastarfsins. Haustið 2015 var lögð fyrir eineltiskönnun eins og kveðið er á um í eineltisáætlun skólans. Aðrar kannanir eru lagðar fyrir eftir þörfum. Hjá stjórnendum kom fram að rýnt er í niðurstöður samræmdra könnunarprófa og sú vinna er kynnt kennurum í 4., 7. og 10. bekk og skólaráði en er ekki birt opinberlega.

Í starfsáætlun kemur fram hvaða kannanir voru lagðar fyrir skólaárið 2014–2015 og hvaða kannanir verði lagðar fyrir á yfirstandandi skólaári. Ekki liggur fyrir langtímaáætlun um innra mat (til 3–5 ára). Ekki er lagt mat á gæði kennslu og kennsluhátta. Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati.

Styrkleikar

- Í starfsáætlun er fjallað um leiðir til að meta innra starf.
- Áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár liggur fyrir sem og hver beri ábyrgð á því.
- Rýnt er í niðurstöður samræmdra könnunarprófa og þær kynntar viðkomandi kennurum og skólaráði.

Tækifæri til umbóta

- Vinna langtímaáætlun um innra mat.
- Taka upp mat á kennslu með skipulögðum hætti.
- Fylgja eftir breytingum á kennsluháttum með mati.
- Gera opinberlega grein fyrir hvernig árangur nemenda er metinn.

Innra mat er markmiðsbundið

Í Kársnesskóla er vinnu við skólanámskrá ekki lokið og því liggur hún ekki fyrir opinberlega nema að hluta til. Skólinn notar Skólapúlsinn en hefur ekki nýtt sér að setja inn sérstakar spurningar svo sem varðandi áherslupætti starfsins. Í Starfsáætlun 2015–2016 (9.kafli) kemur fram að markvisst sé unnið með niðurstöður samræmdra könnunarprófa og þar séu sett þau viðmið að 20% nemenda í hverjum árgangi séu meðal þeirra efstu á landsvísu. Í umbótaáætlun er ekki fjallað um hver sé staðan varðandi þetta markmið.

Ekki kemur fram í innra mati hvernig verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru metnir. Hvorki liggja fyrir skilgreind viðmið sem stefnt er að né umfjöllun um að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.

Styrkleikar

- Í Skólapúlsi og eineltiskönnun er lagt mat á markmið skólastarfsins.

Tækifæri til umbóta

- Setja skýrt fram hvernig markmið í skólanámskrá eru metin.
- Meta leiðir að markmiðum í innra mati.
- Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Gera grein fyrir að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Skólinn notar Skólapúlsinn til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til skólustarfsins. Eineltiskönnun er lögð fyrir árlega og aðrar kannanir eftir þörfum. Í 9. kafla starfsáætlunar skólans er fjallað um innra matið. Þar er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í nemenda- og foreldrakönnun Skólapúlsins. Þar er ekki gerð grein fyrir niðurstöðum úr ytra árangursmati svo sem samræmdum könnunarprófum.

Styrkleikar

- Gagna um viðhorf er aflað með spurningum sem hæfa viðfangsefninu.

Tækifæri til umbóta

- Birta opinberlega í innra mati hvernig skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s samræmdum könnunarprófum.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Starfsfólk, nemendur og foreldrar taka ekki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Hjá skólastjóra kom fram að það ákvarðist af Skólapúlsi. Einnig kom fram að niðurstöður úr könnunum séu kynntar á fundi með starfsmönnum og í skólaráði. Kennurum er falið að kynna niðurstöður fyrir nemendum t.d. á bekkjarfundum. Skólastjóri segist fara reglulega yfir umbótaáætlun og minna á hana.

Styrkleikar

- Niðurstöður kannana eru kynntar hagsmunaaðilum.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja aðgengi allra hagsmunaaðila að vinnu við að ákveða forgangsröðun og áherslur í innra mati.
- Vinna áætlanir og umbætur í kjölfar kannana með þátttöku hagsmunaaðila.

Umbótastarf í kjölfar innra mats***Innra mat er opinbert***

Greinargerð um innra mat og umbótaáætlun er birt í starfsáætlun. Í greinargerð er lýst aðferðum við framkvæmd matsins, þátttakendum og helstu niðurstöðum. Ekki koma fram skýr tengsl við stefnu og markmið skólanámskrár og tilgang matsins. Hvorki er gerð grein fyrir viðmiðum um árangur né styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í greinargerð er ekki fjallað árangur í námi.

Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum. Niðurstöður innra mats eru kynntar hagsmunaaðilum.

Styrkleikar

- Greinargerð og umbótaáætlun eru birtar á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Hafa greinargerð um innra mat sem og umbótaáætlun skýrt framsetta

Innra mat er umbótamiðað

Í rýnihópi kom fram að áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð. Ekki liggur fyrir tímasett áætlun um umbætur þar sem fram kemur hverjir beri á byrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur sé metinn. Í rýnihópi kennara var innleiðing Uppeldis til ábyrgðar og sáttaborðsins vegna eineltis nefnt sem dæmi um umbætur í kjölfar innra mats. Hjá skólastjóra kom fram að gerðar hafi verið umbætur á starfinu í Dægradvöl í kjölfar könnunar meðal foreldra. Ekki liggur fyrir hvort, hvenær og hvernig þessar umbætur verða metnar. Einnig kom fram að á síðasta ári hafi það sést í foreldrakönnun Skólapúlsins að foreldrum þykir aðkoma og upplýsingar varðandi sérkennslu vera af skornum skammti. Í vetur hefur verið unnið að umbótum varðandi þessa þætti en þeirri vinnu er ekki að fullu lokið.

Styrkleikar

- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.
- Kennarar geta nefnt dæmi um umbætur sem innra mat hefur leitt til.

Tækifæri til umbóta

- Setja umbótaáætlun fram með skýrum hætti.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.
- Tilgreina í umbótaáætlun hvenær skal meta hvernig til tókst með aðgerðir.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þurfa skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Styrkleikar í stjórnun

Skólastjóri Kársnesskóla veitir skólanum faglega forystu. Stefna skólans er birt á heimasíðu. Stjórnendur leggja áherslu á að rækta góð samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Nemendur hafa greiðan aðgang að stjórnendum og reynist auðvelt að koma með mál til skólastjóra sem brenna á þeim. Í rýnihópi kom fram að skólinn starfi í góðri sátt við samfélagið. Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið sé lýðræðislegt. Samstarf kennara um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans. Faglegt samstarf fer að mestu fram á aldursstigum og/eða ágöngum.

Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur og skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil svo sem í lotum í 3.–8. bekk. Á heimasíðu skólans er forvarnarstefna Kársnesskóla. Í þessari stefnu er ítarleg útfærsla á meginmarkmiðum og aðgerðum bæði fyrir skólann í heild og einnig eftir stigum. Sérstök áætlun um einelti er á heimasíðunni.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Tryggja að kennsludagar nemenda samkvæmt stundaskrá séu ekki færri en 170.
- Auka hlutfall valgreina í 8.–10. bekk til samræmis við ákvæði 8. kafla í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.
- Skipuleggja stundatöflur þannig að virkur vikulegur kennslutími nemenda sé í samræmi við ákvæði viðmiðunarstundaskrár.
- Vinna verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 og birta opinberlega.
- Vinna reglur um færslur í Mentor og upplýsingagjöf um nemendur í samræmi við reglugerð nr. 897/2009 og birta opinberlega.
- Vinna skólanámskrá og starfsáætlun samkvæmt viðmiðum í aðalhluta aðalnámskrár grunnskóla 2011.
- Birta móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn opinberlega.
- Vinna starfslýsingar í samræmi við gildandi skipurit.
- Tryggja að starfsmenn verktaka sem vinna að jafnaði í skólanum undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Leggja áherslu á að kynna breytingar á faglegu starfi vel fyrir foreldrum.
- Tengja þróunar- og/eða umbótaáætlun stefnu skólans sem og innra og ytra mati á skólastarfinu.
- Huga að samræmi milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar.
- Tryggja að mat á framkvæmd skólastefnu sé hluti af innra mati skólans.
- Styrkja foreldra til að nota Mentor.

Styrkleikar í námi og kennslu

Samskipti í Kársnesskóla eru jákvæð og einkennast af virðingu. Skólinn leitast við að vera skóli án aðgreiningar og leggur sig fram um að sinna námi allra nemenda. Námsgögn og aðbúnaður styðja við nám og kennslu. Nemendur ná almennt góðum árangri á samræmdum könnunarprófum. Við skólann starfar fjölbreyttur hópur fagmenntaðra starfsmanna. Kennslufræðilegar áherslur skólans, m.a. með söguaðferð og Byrjendalæsi efla möguleika á þátttöku og virkni allra nemenda. Lögð er rækt við að viðhalda sterkri hefð sem fyrir er í almennri þátttöku í skólakórnum. Markvisst er verið að innleiða og nýta upplýsinga- og samskiptatækni.

Nám nemenda er þurfa sérstakan stuðning er yfirleitt í nánnum tengslum við bekkjaraðstæður. Staða allra nemenda í lestri er metin og brugðist við henni. Nemendur eru meðvitaðir um hvert þeir geta leitað ef þarf og tillögur nemenda eru ígrundaðar og þeim svarað opinberlega.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Birta námsvísa/kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar og alla árganga samkvæmt viðmiðum í greinahluta í aðalnámskrá grunnskóla 2013.
- Tengja áætlanir um nám og kennslu betur grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.
- Tryggja þarf að hlutfall valtíma á unglingsstigi nái lögbundnum tímafjölda.
- Skrá og birta hvaða skimanir og kannanir eru lagðar fyrir til að meta námsstöðu nemenda, hvaða viðmið eru um árangur og til hvaða aðgerða grípa eigi til ef þarf.
- Gera í innra mati grein fyrir árangri s.s á samræmdum könnunarprófum.
- Greina árangur og aðstæður við að kynjaskipta nemendum í námshópa.
- Efla ætti samræður og samstarf nemenda um nám.
- Gera nemendum betur grein fyrir tengslum eigin námsframvindu og hæfniviðmiða.
- Efla markmiðssetningu og stigvaxandi ábyrgð nemenda.
- Kjósa á nemendafulltrúa í skólaráð lýðræðislega, til tveggja ára.
- Bæta þarf aðgengismál svo fatlaðir geti komist um skólabyggingar.

Styrkleikar í innra mati

Í starfsáætlun kemur fram að Skólapúlsinn er meginverkfæri Kársnesskóla við mat á innra starfi. Þar er metið viðhorf hagsmunaaðila skólasamfélagsins til skólastarfsins. Árlega er lögð fyrir eineltiskönnun. Rýnt er í niðurstöður samræmdra könnunarprófa og þær kynntar kennurum viðkomandi árganga og skólaráði. Fram kemur í gögnum að stefnt er að því að 20% nemenda í hverjum árgangi séu meðal þeirra efstu á landsvísu. Niðurstöður úr könnunum eru kynntar á fundi með starfsmönnum og í skólaráði. Kennurum er falið að kynna niðurstöður fyrir nemendum t.d. á bekkjarfundum. Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Vinna langtímaáætlun um innra mat.
- Taka upp mat á kennslu með skipulögðum hætti.
- Fylgja eftir breytingum á kennsluháttum með mati.
- Gera opinberlega grein fyrir hvernig árangur nemenda er metinn.
- Setja skýrt fram hvernig markmið í skólanámskrá eru metin.
- Meta leiðir að markmiðum í innra mati.
- Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Gera grein fyrir að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.
- Birta opinberlega í innra mati hvernig skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati s.s samræmdum könnunarprófum.
- Tryggja aðgengi allra hagsmunaaðila að vinnu við að ákveða forgangsröðun og áherslur í innra mati.
- Vinna áætlanir og umbætur í kjölfar kannana með þátttöku hagsmunaaðila.
- Fylgja umbótum kerfisbundið eftir.
- Tilgreina í umbótaáætlun hvenær skal meta hvernig til tókst með aðgerðir.

Frekari greining

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 45 kennslustundir þar sem flestar voru metnar góðar, níu stundir voru metnar þannig að einhverja mikilvæga þætti þyrfti að bæta og engin stund var metin óviðunandi.

Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinna einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1. Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir að námi sínu í 73% námstímans sem matsmenn sáu í vettvangsathugunum.

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda notaði upplýsingatækni í 16 kennslustundum af 45 sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í 14 af þessum stundum.

Kennsluathafnir


Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvorutveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallaðar eru bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir og eru oft tengdar hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.

Fræðari-bein kennsla

Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

Leiðbeinandi-hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2. Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara

Matsmenn skrá hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Þegar matið stóð yfir í Kársnesskóla var mikið um veikindi þannig að allt að helmingur nemenda í bekk var fjarverandi vegna veikinda. Engar tölur verða því settar fram um hópastærðir það er fjöldi nemenda á hvern menntaðan kennara.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl. (upphaf og lok):
Námsgrein	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda/ Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/ Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu; J/N
Matsþáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/ kennsluáðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluáðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007–2020*. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Kársnesskóli: <http://www.karsnesskoli.is/>

Kópavogur: <http://www.kopavogur.is/okkarkopavogur>

Kópavogur, *Skólustefna grunnskóla Kópavogs*:
<http://www.kopavogur.is/media/pdf/Skolastefna-grunnskola--Kopvogs.pdf>

Kópavogur, *Mat og eftirlit sveitarstjórnar*, framkvæmd í Kópavogi:
<http://www.kopavogur.is/media/pdf/mat-og-eftirlit-sveitastjorna-med-skolahaldi-2014.pdf>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið (1997). *Sjálfsmat skóla*:
http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda-verndarráð í grunnskólum. Slóðin er:
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín:
<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað: http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?stern_SearchType=Reglugerd&stern_number=1000&stern_year=2004

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum: <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/19859>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er:
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

